

REGLUGERÐ

um fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi og greiðslu sorgarstyrks.

1. gr.

Fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023:

- Hámarksfjárhæð skv. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 600.000 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 152.025 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 210.695 kr. á mánuði.

2. gr.

Fjárhæðir sorgarstyrks samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023:

- Sorgarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 91.937 kr. á mánuði.
- Sorgarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 210.695 kr. á mánuði.

3. gr.

Fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2024 eða síðar:

- Hámarksfjárhæð skv. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 600.000 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 160.538 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 222.494 kr. á mánuði.

4. gr.

Fjárhæðir sorgarstyrks samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2024 eða síðar:

- Sorgarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 97.085 kr. á mánuði.
- Sorgarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 222.494 kr. á mánuði.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 33. gr. laga nr. 77/2022, um sorgarleyfi, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 21. desember 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.